



Brunnin lúpínubreiða í Hafnarfirði.

## Eldhætta af lúpínu

Alaskalúpína myndar þéttar breiður og mikill lífmassi byggist upp þar sem hún vex. Lúpínu hefur víða verið dreift í kringum þéttbýlisstaði, á skógræktar- og landgræðslusvæðum og í sumarbústaðalöndum. Á haustin fellur til mikil sína í breiðunum sem rotnar hægt og safnast fyrir. Mælingar sýna að um 5 til 15 tonn af þurrefni geta verið á hektara af sínu í gömlum breiðum og er það margfalt það magn sem að jafnaði er í graslendi. Eldhætta í og við lúpínubreiður getur því verið veruleg.

## Upplýsingar á vefnum

Á vefsíðunni *Ágengar tegundir – alaskalúpína og skógarkerfill*, <http://agengar.land.is>, má finna frekari upplýsingar um tegundirnar og mögulegar aðgerðir til að hefta útbreiðslu þeirra. Þar er einnig hægt að koma á framfæri ábendingum um vaxtarstaði.

## Stefna stjórnvalda

Haustið 2009 fól umhverfisstjórnir forstjórum Landgræðslu ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands að gera áætlun um aðgerðir til að hefta útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils. Megináhersla er lögð á að uppræta tegundirnar á miðhálandinu og friðlýstum svæðum en einnig að hefta frekari útbreiðslu á láglandi.

Útgefandi: Stýriþópur um alaskalúpínu og skógarkerfil 2013  
 Forsíðumynd: Alaskalúpína dreifir sér yfir gróid land í Þingeyjarsýslu, Borgþór Magnússon. Myndir: Ásrún Elmarsdóttir (3, 5, 6), Erling Ólafsson (2), Guðmundur Guðjónsson (9), Róbert Stefánsson (7, 8), Sveinn Runólfsson (4).  
 Uppsetning og kortagerð: Anette Th. Meier

# Er alaskalúpína eða skógarkerfill í þínu nágrenni?



Landgræðsla ríkisins

# Alaskalúpína og skógarkerfill


Alaskalúpína og skógarkerfill voru fluttar til landsins um aldamótin 1900 sem garðplöntur. Síðar var farið að nýta lúpínuna til landgræðslu. Í dag hafa tegundirnar dreifst víða um landið. Báðar eru þær stórvaxnar og mynda þéttar breiður, framleiða mikið fræ og breiðast hratt út. Þær geta viðhaldið sér lengi þar sem þær ná fótfestu.

Alaskalúpína og skógarkerfill eru skilgreindar sem **ágengar tegundir** þar sem þær dreifa sér hratt og geta dregið úr líffræðilegri fjölbreytni. Á grónu landi má m.a. búast við eftirfarandi breytingum:

- Tegundirnar verða ríkjandi í gróðurfari.
- Fjölbreytni gróðurs minnkar og tegundum fækkar.
- Þar sem lúpína fer yfir hverfa lyngtegundir og berjalönd rýrna.
- Vistkerfi breytist til frambúðar.
- Land verður erfitt yfirferðar.

Mikilvægt er að hefta frekari útbreiðslu tegundanna á landinu.

Alaskalúpína og skógarkerfill og skráðir vaxtarstaðir skv. 10 x 10 km reitakerfi.



Fjölbreyttur gróður í kjölfar uppgræðslu með grasfræi og áburði.

## Má dreifa tegundunum?

Ísland hefur skuldbundið sig samkvæmt alþjóðasamningum að vernda upprunalegt lífríki landsins og sporna gegn innflutningi framandi lífvera sem ógna vistkerfum, vistgerðum eða innlendum tegundum.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd er **dreifing framandi tegunda í náttúru Íslands bönnuð** nema með leyfi yfirvalda.

Óheimilt er að dreifa alaskalúpínu og skógarkerfli á friðlýstum svæðum og á landi ofan 400 m hæðar yfir sjó samkvæmt reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

**Ágeng tegund er framandi tegund sem hefur verið dreift utan náttúrulegra heimkynna og ógnar þar líffræðilegri fjölbreytni. Tegundin veldur eða er líkleg til að valda tjóni á efnahag, umhverfi eða er skaðleg heilsufari manna.**

Ólíkt skógarkerflinum er alaskalúpína öflug tegund til uppgræðslu og getur nýst vel sem landgræðslujurt á auðnum. Sem forsvarsaðili landgræðslu hér á landi vinnur Landgræðsla ríkisins út frá þeim forsendum að nota alaskalúpínu einungis þegar brýnir hagsmunir vegna landgræðslu eru fyrir hendi og öðrum landgræðslu-aðferðum verður naumast beitt.

## Aðgerðir til að hefta útbreiðslu

Þar sem uppræta á eða stemma skal stiga við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils þarf í upphafi að hafa eftirfarandi í huga:

- Fá gott yfirlit yfir útbreiðslu tegundanna á viðkomandi svæði áður en aðgerðir hefjast.
- Koma í veg fyrir frekari dreifingu með því að eyða stökum plöntum og smáum breiðum í jaðri vaxtarsvæðis.
- Fjarlægja plöntur við ár og læki og koma þannig í veg fyrir að fræ dreifist með vatni.
- Koma í veg fyrir aðra dreifingu fræs t.d. með því að slá plöntur áður en fræ þroskast.

Ýmsar aðferðir má nota við upprætingu plantna. Við val á aðgerðum þarf að taka tillit til annars gróðurs, umhverfissjónarmiða og viðhorfa almennings.

Stakar plöntur má rífa eða stinga upp. Þar sem myndast hafa breiður má slá plönturnar, úða með illgresiseyði eða beita sauðfé á landið. Aðgerðum getur þurft að fylgja eftir í mörg ár eigi árangur að nást.

Ávallt skal líta á úðun sem neyðarúrræði og hafa skal samráð við fagaðila áður en hafist er handa.

Ýmsar aðferðir má nota við upprætingu alaskalúpínu og skógarkerfils.

